



Vinnumarkaðurinn virðist halda styrk sínum áfram

Mismunandi merki um spennu á vinnumarkaði

Tölur Hagstofunnar að undanfögnu hafa bent til þess að toppinum á vinnumarkaðnum væri náð og ýmsar stærðir séu farnar að gefa eftir. Tölur Hagstofunnar fyrir apríl benda hins vegar til þess að enn sé mikill kraftur á vinnumarkaðnum.

Talsverðar sveiflur í fjölda starfandi

Sé miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða hefur fjöldi starfandi aldrei verið meiri en nú, eða rúmlega 195 þúsund að meðaltali á síðustu 12 mánuðum. Fjöldi starfandi hafði engu að síður fækkað um 3.400 manns frá því í apríl í fyrra. Fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði var nokkuð stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Síðan hefur fjölgun starfsfólks verið hægari. Íbúafjöldi hefur aukist töluvert á síðasta ári og ber að skoða þessar tölur með hliðsjón af því.

Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert




Atvinnuþátttaka jókst stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Síðan þá hefur dregið úr atvinnuþátttöku um 1,7 prósentustig sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal. Á sama mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var vorið 2015. Atvinnuþátttaka er eftir sem áður mjög mikil hér á landi.

Vinnutími lengist

Vinnutími var töluvert lengri í apríl en mánuðina þar á undan. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal lengdist vinnutíminn í apríl eftir styttingu í nokkra mánuði þar á undan. Vinnutíminn í apríl 2018 var nokkurn veginn sá sami og var í apríl 2017. Fjöldi vinnustunda þróast á tiltölulega þröngu bili og hefur þróunin frekar verið niður á við.

Vinnuafslnotkun eykst

Sé litið á breytinguna milli 1. árfjórðungs 2017 og 2018 fer saman að vinnutími hefur lengst um 0,7% á meðan fjöldi starfandi hefur aukist um 1,6%. Það





Þýðir að vinnuafslnotkun eða heildarvinnustundum hefur fjölgað um 2,3% milli ársfjórðunga. Þessi niðurstaða rímar því ekki sérstaklega vel við umræðu að hagsveiflan hafi náð hámarki og passar reyndar betur við niðurstöður Hagstofunnar um að hagsvöxtur á 1. ársfjórðungi 2018 hafi verið meiri en flestir bjuggust við. Það er hins vegar hugsanlegt að hér sé um tímabundna sveiflu að ræða, t.d. er möguleiki að sjómannaverkfallið í fyrra haft þau áhrif að breytingar milli ára séu meiri en ella.


Atvinnuleysi í lágmarki

Atvinnuleysi minnkaði stöðugt fram á mitt síðasta ár, en síðan hefur dregið verulega úr breytingum. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða miðað við mælingar Hagstofunnar var 2,9% í apríl og hefur sú tala verið nær óbreytt í eitt ár. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi var 2,1% nú í apríl, en 2,2% í apríl í fyrra. Þar sem Vinnumálastofnun mælir skráð atvinnuleysi, þ.e. þá sem eiga rétt til atvinnuleysisbóta, eru mun minni sveiflur milli mánaða í þeim tölum en í tölum Hagstofunnar.


Horfur áfram svipaðar

Niðurstöður vorkönnunar Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins bentu til þess að störfum myndi fjölga áfram á fyrri hluta þessa árs. Þau fyrirtæki sem vildu fjölga starfsfólki voru þannig um 17% fleiri en þau sem vildu fækka fólki sem er svipað hlutfall og hefur verið í samsvarandi könnun nokkur síðustu skipti. Sérfræðingar hafa að undanförunni verið sammála um að hagsveiflan hafi náð hámarki. Síðustu mánuði voru komnar fram vísbendingar um að hægt hefði á vinnumarkaðnum en þessar niðurstöður kunna að benda til annars.

Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.